

Aðalfundur Félags rannsóknastjóra á Íslandi

Háskóli Íslands 25. mars 2015

Fundargerð

Mættir voru 18 félagsmenn, tveir höfðu ekki atkvæðarétt

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Anna Kristín Daníelsdóttir var kosinn fundarstjóri
Oddný S. Gunnarsdóttir var kosin ritari fundarins.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram

Ásta Sif Erlingsdóttir, formaður stjórnar, kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni stjórnar.

-Vefsíða: formaður hvatti félagsmenn að kynnta sér heimasíðu félagsins og systrastofnana

-Félagið gerðist aðili að alþjóða samtökum rannsóknastjóra (iNORMs) en nokkrir félagsmenn tóku þátt í ráðstefnu í Washington á þeirra vegum. Einnig fóru nokkrir félagsmenn á velheppnaða ráðstefnu í Eistlandi á vegum EARMA.

Ásta Sif hvatti jafnframt félagsmenn til að sækja ráðstefnu EARMA, sem haldin verður í Leiden í Hollandi í sumar.

-COST- verkefnið, 6 félagsmenn hafa tekið þátt í verkefnum, vinnuhópum, fundum og aflað þannig ýmissa upplýsinga og mikilsverðra sambanda við rannsóknastjóra í Evrópu.

-Til að koma til móts við markmið félagsins stóð það fyrir heimsóknum Jörgens Straunstrup konrektors í IT University of Copenhagen í febrúar og í samstarfi við Rannís stóð félagið fyrir því í nóvember, að fá Robert Potter bandarískur sérfræðing í umsóknum styrkja, til að halda námskeið sem 140 manns sóttu. Félagið greiddi námskeiðsgjald fyrir skuldlausu féлага.

Jafnframt kynnti Ásta Sif samstarf hennar og Kristjáns en þau ákváðu að taka þátt í, í gegnum COST verkefnið BESTPRAC að skipuleggja í sameiningu móttöku erlendra rannsóknastjóra (3 -4) sem hafa áhuga á að koma til Íslands og kynna sér rannsóknastarfsemi Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Heimsóknin er kynnt á vefsíðu BESTPRAC undir COST áætluninni. Umsóknarfrestur er til 1. apríl, en heimsóknin verður í vikunni 18. – 20. maí n.k. COST styrkir þá sem koma með því að greiða ferðakostnað þeirra. Formaður hvetur til aukins samstarf á milli rannsóknastjóra vegna heimsókna erlendra aðila

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Kristján Kristjánsson, gjaldkeri félagsins, lagði fram reikninga félagsins og skýrði tekjur þess og gjöld. Fjárhagsleg staða félagsins er góð. Reikningar félagsins voru einróma samþykktir.

3a. Kosning eftirlitsmanns: Björgvin Ægir Richardsson var kosinn eftirlitsmaður félagsins með öllum greiddum atkvæðum.

4. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar gerðar

5. Ákvörðun félagsgjalds

Ekki voru gerðar breytingar á félagsgjöldum og verða þau áfram 10.000 kr. fyrir árið 2016. Félagsgjöld verða áfram innheimt með reikningi á nafni einstaklinga og stofnunar.

6. Kosning stjórnar

Sitjandi stjórn var kjörin aftur en hana skipa. Ásta Sif Erlingsdóttir, Kristján Kristjánsson og Oddný S. Gunnardóttir. Varamenn: Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, Hörður G. Kristinsson.

7. Önnur mál

Ásta Sif kynnti hugmynd Kára, rannsóknastjóra Háskólans að Bifröst, um vinnustofu á Bifröst um „How to participate in H2020 from an SSH point of view.“ Fundarmenn lýstu áhuga fyrir slíkri vinnustofu en jafnframt komu fram hugmyndir um önnur efni sem myndu nýtast rannsóknastjórum vel. Ákveðið var að fela stjórn í samstarfi við Kára að skipuleggja vinnustofuna.

Hugmynd kom fram um að í stað þess að niðurgreiða vinnustofu fyrir félagsmenn þá ætti frekar að nota peningana til að greiða fyrir fleiri fyrirlesara.

Kristján lagði fyrir fundinn tillögu að ályktun og áskorun frá félaginu til mennta- og menningarmálaráðherra um nauðsyn þess að koma upp rannsóknagagnagrunni á Íslandi ekki síðar en í haust. Smávægilegar athugasemdir voru gerðar við ályktunina og áskorunina, sem samþykkt var einróma að send yrði til menntamálaráðherra og forsætisráðherra, auk þess sem hún yrði birt á vefsíðu félagsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið 17.30.